

Fundarboð

2. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2019-2020.
Sameiginlegur fundur skólaráðs, nemendaráðs og fræðslustjóra.

6. desember kl. 8:10 – 9:30 í Heppuskóla – stofu 5.

Fundarstjóri: Þórgunnur Torfadóttir

Fundarritari: Þórgunnur Torfadóttir

Dagskrá

1. Fundur um húsnæðismál Grunnskóla Hornafjarðar

Á fundi í skólaráði 7. maí sl. var samþykkt ályktun um húsnæðismál skólans og lögð áhersla á að sveitarstjórn mótaði stefnu í húsnæðismálum hans sem og í húsnæðismálum Kátakots.

Á fundi fræðslunefndar þann 21. nóv. s.l. var samþykkt að óska eftir fundi með fulltrúum skóla- og nemendaráða skólans. Í samráði við Þórgunni skólastjóra var ákveðið að næsti fundur skólaráðs 6. desember n.k yrði tekinn undir viðfangsefnið..

Á fundinum munum við velta fyrir okkur hverjar þarfir skólans gætu verið þegar horft er til næstu 15 – 20 ára, hvað er nauðsynlegt að gera fyrir þann tíma.

Eftirfarandi spurningar verða hafðar til viðmiðunar.

1. Hvernig getur hönnun skólans stuðlað að vellíðan og velgengni nemenda og starfsfólks?
2. Hvað þarf að bæta við núverandi húsakost og hvar ætti að byggja upp? Skiptir máli hvort starfið fer fram í einu eða tveimur húsum, hvers vegna ?
3. Hvernig sjáum við fyrir okkur samstarf um yngri grunnskólabörn: frístund, skóli og íþróttafélög? Húsnæðisþörf?

Í framhaldi samtali á þessum fundi verður fundað með öðrum hagsmunaaðilum.

Hlakka til að eiga þetta samtal við ykkur öll

Bestu kveðjur

Ragnildur Jónsdóttir

fræðslustjóri

Fundargerð

Mættir: Kristín Hermannsdóttir, Sunna Guðmundsdóttir, Katrín Guðmundsdóttir, Fjóla Hrafnkelsdóttir, Heiður Sigurðardóttir, Reynir Gunnarsson, Arna Lind Kristinsdóttir, Siggerður Egla Hjaltadóttir, Auður Gunnlaugsdóttir, Karen Hulda Finnsdóttir, Ragnildur Jónsdóttir, Björn Sigfinnsson og Þórgunnur Torfadóttir.

Dagskrá

Ragnildur Jónsdóttir fór yfir tildrög fundarins og það sem rætt var í skólaráði á síðasta skólaári og þær spurningar sem lagðar voru fyrir í fundarboði sem voru;

1. Hvernig getur hönnun skólans stuðlað að vellíðan og velgengni nemenda og starfsfólks?

2. *Hvað þarf að bæta við núverandi húsakost og hvar ætti að byggja upp? Skiptir máli hvort starfið fer fram í einu eða tveimur húsum, hvers vegna ?*
3. *Hvernig sjáum við fyrir okkur samstarf um yngri grunnskólabörn: frístund, skóli og íþróttafélög? Húsnæðisþörf?*

Til að byrja með vann fólk einstaklingslega, svo í þörum og síðan ræddi hópurinn saman.

Varðandi spurningu 1. kom m.a. fram.

Að hægt væri að gera skólann heimilislegri. Mála hann, skipta um gardínur, setja upp myndir t.d. eftir krakkana. Borð og stólar þurfa að vera í lagi. Stólar eru núna ekki alltaf þægilegir og borðin ekki endilega af réttri hæð. Svo mætti líka byggja nýjan skóla með opnum rýmum eða vera með hreyfanlega stærð af rýmum. Það mætti stækka og fjölga kennslustofum. Það mætti vera hvíldarherbergi. Það vantar sal sem býður upp á meiri fjölbreytileika. Hljóðbækur og fleira til að einfalda nám. Fleiri sæti og meira rými í frímínútum. Smærri og fleiri rými þar sem einstaklingarnir njóta sín betur en líka sal þar sem hægt er að gera allt sem þarf að gera í sal. Mikilvægt væri að huga að því að í skólanum gætu þeir nemendur sem vilja læra lært í friði með aðstoð kennara en þeir sem eiga erfitt líka fengið aðstoð.

Varðandi spurningu 2 kom m.a. fram

Að mörgu leyti væri gott að hafa eitt hús t.d. upp á nýtingu starfsfólks og rýma en það er samt ekki nauðsynlegt að vera í einu húsi. Misjafnar skoðanir um hvort það ætti að vera eitt eða tvö hús. Framtíðarsvæði ef nýr skóli væri byggður ætti að vera hér á miðsvæðinu. Mikilvægt er að huga að góðu aðgengi fyrir alla hvort sem væri nýr skóli eða ekki. Varðandi matsalinn þá kom fram að það ætti að vera matsalur í báðum húsum en einnig kom fram að það mætti vera einn salur en þá ætti hann að vera stærri og meira miðsvæðis. Heppuskóli fer t.d. mjög seint í mat. Fram kom að það mætti líka huga að meira samstarfi við FAS. Mikilvægt að bærinn fari að huga að því að kaupa upp lóðir í kringum Hafnarskóla.

Ragnhildur bað fundarmenn um að hugsa aðeins um hvort það væri í lagi að hafa skólabyrjun seinna á morgnanna og einnig ef sveitarfélög tækju yfir framhaldsskólann hvort ætti að huga meira að samstarfi við FAS.

Fundarmenn voru almennt sammála um að það væri í lagi að byrja seinna á morgnanna en það þyrfti þó að vinna vel með foreldrum. Rætt um samstarf við FAS og skólayfirvöld þar ef fara á í breytingu á skólabyrjun. Einnig rætt um betra aðgengi að mat.

Varðandi spurningu 3 kom m.a. fram

Það þarf stærra húsnæði í Kátakot, sal sem þau gætu hreyft sig í. Það þarf að huga að því að Kátakot sé á stað þar sem auðvelt er að komast á milli staða eins og það er núna og tólmstundarstarf yngstu barnanna sé helst allt búið fyrir fjögur og að íþróttastarfið sé ekki allt á sama tíma og á sama degi. Mikilvægt að hafa húsnæði frístundar utan skólans eins og er núna en ekki langt frá. Að börnin upplifi að þau séu búin í skólanum þegar þau fara yfir í frístundina. Það kemur vel út að hafa eldri krakkana í frítund sér hluta tímans.

Húsnæði frístundar þarf að vera rúmgott og bjóða upp á möguleika til fjölbreyttrar vinnu.

Á fundinum voru líflegar umræður og góður andi.

Næsti fundur ákveðinn föstudaginn 10. janúar kl. 8:10 og sá fundur yrði sameiginlegur með umhverfisnefnd skólans og nemendaráði.

Fundi slitið 9:20

Þórgunnur Torfadóttir.